

## Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. apríl 2018 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málínu M-76/2017.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Þann 22. október 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á flutningsþjónustu fyrir búslóð sína af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi kveðst óánægð með þjónustu seljanda vegna margvíslegra annmarka og vegna skemmda sem urðu á kæliskáp álitsbeiðanda. Telur álitsbeiðandi ekki sanngjarnt að greiða útgefinn reikning fyrir þjónustunni að fullu sem er samtals að fjárhæð 71.145 krónur.

### II

#### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti bedið kærunefndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kærunefndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er milli aðila fellur hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur kaup á flutningsþjónustu fyrir búslóð álitsbeiðanda.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir:

*„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:*

*1. vinnu við lausafjármuni,*

*2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,*

*3. geymslu á lausafjármunum,*

*4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.*

*Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starfhans.“*

Af skilgreiningu þessari er ljóst að viðskipti þau sem álitsbeiðandi kvartar undan falla ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir til þess að kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess að gefa álit sitt á ágreiningnum samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir. Ber kærunefndinni samkvæmt því að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni.

### III

**Álitsorð**

Kröfu álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson